

Deloitte.

Upplýsingaöryggi | Vírinn 2.tbl. 4. árgangur | Október 2014



Fréttir um upplýsingatækni
frá UT ráðgjöf Deloitte

Áhættupjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan ráðgjafarsviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Það sem þú þarft að vita um ShellShock (Bash Bug)

ShellShock gæti orðið enn stærri en Heartbleed

[24. september tilkynnti US-CERT grúppan](#) um alvarlegan veikleika sem heitir ShellShock. Villuna mætti nota til að smita milljónir netþjóna um allan heim. Ekki er ennþá fyrir séð hversu stórt eða kostnaðarsamt vandamálið verður, en það sem við vitum nú þegar er að ShellShock er enn alvarlegri en Heartbleed veikleikinn sem vakti mikla athygli í apríl s.l.

Heartbleed veikleikinn, smitaði netþjóna og opnaði fyrir aðgang að viðkvæmum upplýsingum svo sem dulkóðunarlykla og/eða lykilorð sem hægt var síðan að nota til að fá aðgang að kerfinu síðar og til dæmis stela persónulegum upplýsingum.

Meira ▶

10 algengustu mistök sem smáfyrirtæki gera og ógna upplýsingaöryggi

Hvað ber að forðast?

Forðast þarf þessar algengu gildir hvort sem þú ert með alla starfsmenn á skrifstofu eða einnig starfsmenn sem þurfa að tengjast kerfum fyrirtækisins utan frá.

1. Ekki láta starfsmann sem sem ekki hefur sérstaka tækniþekkingu sjá sjálfan um sín öryggismál.

2. Ekki treysta á handvirk öryggisafrit. Afrita skal reglulega samkvæmt tímaáætlun og afritunin skal vera sjálfvirk.
3. Ekki gleyma að snjallsímar eru í grundvallaratriðum handtölvur. Ef starfsmenn eru að nota snjallsíma sem tengjast við upplýsingakerfi fyrirtækisins, þá þurfa þeir vernd eins og tölvur.
4. Ekki bara henda út gömlum búnaði. Þegar komið er að því að endurnýja og skipta út gömlum búnaði verður þú að vera viss um að ekki séu gögn á diskunum. Það sem virðist einskis virði eins og gamlar tölvur og prentarar getur orðið gull fyrir upplýsingaþjófa.

[Meira ▶](#)

Android er að taka fram úr Windows sem mesta öryggisógnin

Ný skýrsla sýnir að hærra hlutfall af Android tækjum eru skotmörk hakkara en Windows vélar.

Android spilliforrit halda áfram að vaxa og þróast, eftir sömu brautum og Windows gerði áður. Undanfarið höfum við séð mikla þróun í því hvernig Android spilliforrit eru að leitast við að koma sér fyrir án þess að verða uppgötvað. Ginmaster er gott dæmi um það. Það var fyrst uppgötvað í Kína í ágúst 2011 en þetta er Tróju-forrit sem smitar mörg venjuleg smáforrit og getur einnig dreift sér í gegnum netnotkun.

Árið 2012 byrjaði Ginmaster að fela sig og þróa sig í áttina að fjölbreytilegri tækni sem áður hefur sést í Windows spilliforritum. Árið 2013 breytti hönnuðurinn Ginmaster í mun flóknara og lúmskara spilliforrit sem erfiðara er að uppgötva en samt höfum við séð stöðugan vöxt í tilfellum af Ginmaster, nú eru það fleiri en 4.700 tilfelli sem vitað er um milli febrúar og apríl 2013.

Meira ▶

Livescribe 3 smartpen

Skrifaðu á pappír og færðu allt beint inn í snjallsímann eða spjaldtölvuna

- Handskrifaðar athugasemdir birtist strax á iPad, iPhone eða iPod.
- Hljóðupptaka sem er samstillt við skriflegar athugasemdir.



Meira ▶

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd

Virinn@deloitte.is




Árni Jón Árnason

Partner | Advisory Services | ERS Leader

Tel: 860-3035

arni.jon.arnason@deloitte.is



[Deloitte Touche Tohmatsu Limited](#)

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee (“DTTL”), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as “Deloitte Global”) does not provide services to clients. Please see www.deloitte.com/about for a more detailed description of DTTL and its member firms.